

Fyrsta vegagerðin frá Reykjavík að Kolviðarhóli.

Þann 26. september 1876 birtist svohljóðandi auglýsing í blaðinu Ísafold.

„Vegagjörð yfir Svínahraun.

Eptir að undirboðsþing það hafði verið haldið, sem birt var með auglýsingu 10.f.m. í 24.tölublaði Þjóðólfs, hefir Eiríki Ásmundssyni í Grjóta verið falið á hendur að leggja 1000 faðma langan kafla af veginum yfir Svínahraun að austanverðu, fyrir borgun að upphæð 4 kr. 70 a. Fyrir hvern faðm. Hin önnur boð, sem fram komu á undirboðþinginu, hafa ekki verið samþykkt.

Þetta auglýsist hjer með samkvæmt undirboðsskilmálum.

Íslands Suðurland, Reykjavík 15. Septbr. 1876.

Bergur Thorberg.“

Þegar fyrst var hafist handa við lagningu vegar á milli Reykjavíkur og Suðurlands árið 1877 var byrjað á torfærasta kaflanum um Svínahraun neðan við Kolviðarhól og niður fyrir þann stað sem Litla-kaffistofan er nú (austasti hluti hraunsins). Þetta var í raun fyrsta vegagerðin sem ráðist var í á Íslandi og sem greidd var af landssjóði. Auglýst var eftir framkvæmdaraðila 1876 og var Eiríkur Ásmundsson í Grjóta (sem Grjótahverfið í Reykjavík er kennt við) ráðinn til starfans. Átti hann að fá greiddar fjórar krónur og sjötíu auru fyrir faðminn (danskur)=3 álnir=1,88m af tíu feta (3,13m) breiðum vegi.

Vegbreiddin var ákveðin þessi svo klyfjahestar gætu mest á veginum. Á þessum árum voru hestakerrur enn ókomnar til landsins og notuðust verkamennirnir því við handvagna og handbörur. Langt var að fara eftir ofaníburði sem sóttur var að Húsmúla vestan við Mógilið og var því farið sparlega með hann. Það verður að virða mönnum það til vorkunnar að þarna voru alls óvanir menn við vegagerð.

Tveim árum síðar árið 1878 var búið að leggja 1600 metra langan veg um ógreiðfærasta kaflan í hrauninu en hraunið er sléttara austast. Leiðin yfir hraunið er 5.724m í vegstæðinu. Mikil ánægja var í fyrstu með þessa vegabót en fljótlega fóru menn að finna að hann entist illa og varð fljótt ógreiðfær.

Brást landsstjórnin þá við og réði erlendan vegfræðing til landsins, norðmanninn Nils Olaf Hovdenak. Hann fór fyrst í að leggja veg um Vestdalsheið upp úr Seyðisfirði áður en hann kom að verkinu við Svínahraunsveginn 1886 eða framhaldi hans (en vegurinn til Reykjavíkur var kallaður Svínahraunsvegur á þessum árum.) Með Hovdenak voru fjórir samlandar hans, verkmenn er hann hafði áskilið sér að fá að hafa með sér til landsins. Auk þeirra störfuðu við framkvæmdina milli 30 og 40 íslenskir verkamenn og veglögðu þeir alls $\frac{3}{4}$ úr danskri mílu =5.647,50 m (dönsk míla=4000 faðmar =7,53 km.) með öðru lagi, enn hér hefur áður tíðkast,

enda þótti Hovdenak flórlögðu vegirnir hér ótækir og auk þess allt of dýrir við íslenskar aðstæður ef í lagi ættu að vera. Sumarið eftir var einn af norsku verkamönnum fenginn til að standa fyrir áframhaldandi vegagerð því að Hordenak fékkst ekki til verksins.. Í vegavinnunni á Vestdalsheiði og Svínahraunsveginum vann m.a. hjá Hordenak Páll Jónsson frá Elliðakoti sem fæddur var 1852. Páll lærði vegfræði í Noregi og kom í kjölfar þess við sögu í fjölmörgum vegframkvæmdum hér á landi eftir að heim var komið. Til dæmis lagði hann vagnfæran veg frá Kolviðarhóli um Hveradali og upp á Hellsheiði því vegur um Hellisskarð var of brattur fyrir hestvagna. Um Pál má lesa í bókinni „Orð skulu standa eftir Jón Helgason 1971“

Leiðin frá Reykjavík.

Ráðist var í lagningu Laugavegar í Reykjavík árið 1886 með það fyrir augum að auðvelda aðgengi að Þvottalaugunum í Laugardal. Í framhaldinu var Suðurlandsbraut lögð austur að Elliðaá. Fyrstu brýrnar yfir Elliðaár voru byggðar árið 1883 og síðar steiptar brýr á sömu stöðum þar sem sömu hlöðnu undirstöðurnar frá fyrri brúargerð voru nýttar áfram og er vestari brúin er enn notuð til að komast að veiðihúsinu við Elliðaár. Frá henni lá leiðin norður hólman að eystri brúnni sem er neðan við stóru brýrnar í skástefnu að hringtorginu neðan við Ártúnsbrekku sem í dag heitir Bíldshöfði. Frá Elliðaá lá vegurinn upp Ártúnsbrekku og skiptist þar fljótlega í leið sem lá inn fyrir Grafarvog (Norðurlandsveg) og Suðurlandsveg eða Svínahraunsveg eins og gamli vegurinn var kallaður framan af sem lá til hægri og síðan skammt norðan við bæjarhús á Árbæ (Árbæjarsafn) í austurátt þar sem gatan Rofabær er nú og þaðan áfram að Rauðavatni og suður fyrir Suðurvík um Markgróf/Margróf. Í Markgróf/Margróf varð að hækka veginn næsta vor vegna þess að Norðmennirnir sem stjórnðu vegagerðinni áttuðu sig ekki á að yfirborð Rauðavatns hækkar á vorin vegna leysingarvatns því ekkert afrennsli er úr því.

Fyrir norðan göngubrúna yfir Breiðholtsbraut í Markgróf/Margróf sást á veg sem kallaður var Gamli vegurinn. Hann lá frá Árbæ, um Vegaskarð, Sauðadal og svo í Markgróf/Margróf. Þaðan lá Gamli vegurinn austur um Klapparholtsmóa þar sem bensínstöð Olís við Rauðavatn er nú og þaðan að Almannadalsmynni og upp um Vegbrekkur. Býlið og veitingasalan Baldurshagi 1905-1942 stóð skammt austar en bensínstöðin er í dag. Skammt þar sunnar var býlið Klapparholt og lá vegur þar niður að Bugðu að Klapparholtsvaði.

Gamli vegurinn lá svo að Almannadalsmynni/kjafti og þaðan upp á Vegbrekkur hjá vörðu (N64°05.870' W021°44.365'). Síðar þegar farið var að byggja Fjárborg var bílvegur lagður ofan á Gamla veginn. Ef veginum upp til Fjárborgar er fylgt er komið að þar sem reiðvegur þverar veginn og honum fylgt til austurs þar til að hann beygir til suðurs er framhald Gamla vegarins áfram til austurs. (N64°05.835' W021°43.000') Þessi gata er eldri en vegurinn sem við köllum Svínahraunsveg sem lagður var á árunum 1876-1887. Hún hefur líklega tengst Vilborgarkoti, Elliðakoti og leiðum austur um heiðar. Leiðin er hér ógreinileg vegna Lúpínu og trjágróðurs fram á brún Mjóadals/Mjóðals og þaðan niður nokkuð bratta klöpp í botn dalsins. Upp úr honum að austan er gatan ógreinileg vegna gróðurs. Svo liggur vegur þvert á leið okkar sem liggur frá Suðurlandsveginum gamla upp undir Mjóadalshæð/Mjódalshæð. Við þverum hann og er nú gatan greinilegri enda var borið ofan í götuna af hernum á stríðsárunum og leiðin gerð að bílvegi. Hestabrekkuhæð er hér til norðurs en sunnan undir

henni er angi af Alfaraveginum gamla á Gamla veginn (ef ekki var farið um Skyggnisdal og í efri enda Almannadals) frá Hofmannafötum, gömlum áfangastað austan Hestabrekkuhæðar hvar nýja fangelsið er, sem kennt er við Hólmsheiði.

Suðurlandsvegurinn/Svínahraunsvegurinn lá þar sem reiðvegur er nú austur með skógræktinni við Rauðavatn. Við höldum áfram austur með Borgarholti og Víðirholti yfir lága hæð sem Vegholt heitir. Vestur af Vegholti er hlykkur í Hólmsá sem heitir Laxakrókur og tanginn sem myndast sunnan ár heitir því frumlega nafni Tangatangi. Vestan við ána er íbúðarhús sem Sólnes heitir. Næst á hægri hönd að Hólmsá er tún þar sem stóðu nýbýlin Dísadalur, Neðridalur, Heiðarbær og Fagrabrekka. Síðan er farið hjá Almannadalsmynni/kjafti en um hann liggja mörk á milli Grafar/Grafarholts og Hólms. Við Hólmsá er Trippanef þar sem vegagerðin byggði brú 1926 til að komast í mölina í Rauðhólum. Næst er Hrossanef sem Hólmsá rennur suður fyrir. Á suðurbakkanum er líklega vörðuleif við leið frá Almannadal um Helluna á Helluvaði neðst í Kirkjuhólmaá ofan við Helluvatn og síðan vestur hjá Elliðavatni .



Suðurlandsvegurinn/Svínahraunsvegurinn liggur áfram inn bakka Hólmsár með Vegbrekkum ytri og Vegbrekkum innri fyrir enda Mjóadals/Mjódals og yfir Fossnes en austan við það var vað á Hólmsá. Nú fer vegurinn upp brekku og sést þar hvernig vegurinn hefur verið púkkaður með grjóti þar sem ofaniburðurinn hefur runnið í burt en þessi vegur var farinn þar til núverandi Suðurlandsvegur (Þjóðvegur 1) var lagður á árunum 1966-1972.

En við höldum áfram eftir Suðurlandsveginum/Svínahraunsveginum en hann hverfur undir Suðurlandsveginn nýja á móts við heimreiðina að Hólmi. Síðan liggur hann austur með Beitarhúshól (Á Beitarhúshól er tóft beitarhús frá Hólmi. Á stríðsárunum notuðu hermenn tóftina sem virki og settu upp vélbyssu til varnar. Fótur byssunar er þar sjánlegurog hverfur svo aftur norður fyrir Suðurlandsveginn nýja. Nú fer að halla niður að Gjótulág. Til suðurs

sést þurr farvegur Hólmsár sem sveigði áður til norðurs inn undir Gjótulág og Geitháls og heitir þar Geithálstangi sunnan farvegarins. Hólmsá var veitt úr farvegi sínum frá Heiðartagli og nýr farvegur gerður sunnan við Suðurlandsveginn nýja.

Lítill tóft (N64°05.638' W021°42.393') er norðan við okkar leið sem talin er geta verið af geitakofanum sem Geitháls er kenndur við. Um Gjótulág lá Gamli-Pingvallavegurinn af Suðurlandsvegi og þar liggja einnig mörk Hólms og Vilborgarkots/Geitháls.

Geitháls (N64°05.581' W021°42.274') var byggður árið 1907 úr landi Vilborgarkots af bóndanum í Vilborgarkoti Guðmundi Magnússyni. Hús upp á tvær hæðir var reist við gatnamót Gamla-Pingvallavegarins og Suðurlandsvegar sem veitinga og gistihús. Á stríðsárunum tók herinn Geitháls yfir og var þar birgðageymsla, Geitháls Dump.

Austan við Geitháls er Heiðartagl og svo Hólmsá. Brú sem kölluð var Rauðabru var byggð yfir ána 1887. Hana tók af í flóði í ánni fyrsta veturinn en var endurbyggð. Síðar var steyppt brú á sama stað en hún var rifin eftir að nýi Suðurlandsvegurinn var lagður. Norðan og ofan Heiðartagls eru grösugir dalir, norður úr austasta dalnum er ruddur kerru vegur norður og austur fyrir Litla-Kotás í Vilborgarkot. Til skamms tíma var gamli Suðurlandsvegurinn sýnilegur norðan við túngirðinguna á Gunnarshólma í stefnu norðan við hrauntungu sem Hraunsnef heitir.

Austan við Hraunsnef er farið um Læki og hjá Tröllabörnum og stefnt í Fossvallaklifið. Áður lá leiðin upp um vesturhlíð Túnhóls um hlað Lækjarbotnabæjar. Norðan við Túnhól var bærinn og gististaðurinn Lögberg reistur árið 1908 við þjóðleiðina. Lögberg var rífið 1963 og nýi Suðurlandsvegurinn lagður yfir bæjarstæðið. Norðan Suðurlandsvegar stóð lítið hús utan í brekku, sem Núpstún var kallað og bjó ráðskona Guðmundar, Guðfinna Sigríður Karlsdóttir þar áfram eftir að Guðmundur hætti búskap. Í Núpstúni var símstöð og endastöð strætisvagnleiðar sem Lækjarbotnar hétu en var í daglegu tali kölluð Lögbergsstrætó.

Syðst í Fossvallaklifinu (Lögbergsbrekku) liggur gamli malarvegurinn upp og síðan stefnir hann suður að Fossvallatúni og réttinni þar við. Og síðan áfram upp á Lakheiði og eru þá tveir og sumsstaðar þrír vegir en við sveigjum út af malarveginum til hægri suður fyrir Fossvallatúnið og komum að þar sem Svínahraunsvegurinn er loks sjáanlegur en hann hefur verið undir öðrum vegi hingað til. Svínahraunsvegurinn liggur upp brekkuna og getum við fylgt honum upp aflíðandi halla upp á brekkubrún þar sem komið er aftur að malarveginum. Hér þarf að fara yfir girðingu sem þjónar því hlutverki að beina fjárrekstrum niður að réttinni. Við veginn er steinn með áletrunni 1887. Sagt er að hér hafi vegir náð saman frá Reykjavík og ofan frá Svínahrauni. Nú verður erfiðara að rekja gamla veginn í sandi, en þó vel hægt. Nokkrar litlar malarnámur eru með veginum. Austan við línuveg sem kemur með Búrfellslínu 3 upp Holtstangann og norðan við gömlu Suðurlandsvegina sést Svínahraunsvegurinn vel austur að Sleðaási og þar norður fyrir hann. Frá Bláfjallavegi yfir Sandskeið að Vatnaöldu hefur öllu landi verið umbýlt svo að ekki sést til vegarins forna.



Árin eftir að vegurinn var tekinn í notkun þurfti að laga hann á hverju vori sérstaklega á Sandskeiði því veginn og brýr skolaði í burtu í vatnavöxtum. Bent var á að betra hefði verið að leggja veginn um Elliðakot og hjá Lyklafelli að Kolviðarhóli. Færri brýr hefði þurft og leiðin beinni. Höfundur er nokkuð sammála þessu og ekki síst vegna þess að veðrið er betra úti á heiðinni fjær vindhviðum frá fjöllum.

Vegurinn hefur legið upp á suðurenda Vatnaöldu (Ölduhorns) og síðan undir nýrri Suðurlandsvegi fram hjá vörðunni á Ölduhorninu. Upp á Efri/Efstu-Bolaöldu hefur vegurinn legið í boga til suðurs upp á ölduna til að draga úr bratta. Rétt sunnar á brún öldunnar eru varða og gamli reiðvegurinn. Norðan vegarins er hlaðið ræsi, töluvert mannvirki. Næst er mýrarfláki sunnan vegar sem Skollarófur/Skollatour heita. Þaðan liggur Svínahraunsvegurinn um slétta hraunhelli Leitahrauns og upp á hraunbrún Svínahrauns (N64°03.325' W021°30.520') og síðan hjá vörðu (N64°03.330' W021°30.461').

Rudd leið er um hraunið hjá vörðu (N64°03.358' W21°30.252'). Þetta er fyrsti vegurinn sem ruddur var um Svínahraun. Skammt þar sunnar er lág hleðsla og vegvísir (N64°03.360' W021°30.169'). Suðvestan við Suðurlandsveg á móts við Litlu-kaffistofuna er hraunhryggur. Í gegnum hann hefur verið rudd mjó gata sem stefnir vestur fyrir Litlu-kaffistofuna. Þetta er gamla gatan (hestagata) sem farin var áður en fyrrnefnda gatan var rudd. Leiðin um Svínahraun þótti vond. Hún varð foræðis blaut í bleytutíð og hörð í þurrkum. Því var það fagnaðarefni þegar ráðist var í að gera veg um hraunið 1876 sem átti að vera 10 feta breiður svo lestir gætu mæst á veginum. Sú vegagerð hefur að mestu falist í því að ryðja braut í gegnum hraunhryggi og fylla í lægðir. Enn sést gatan sem stefnir norðaustur um slétt hraun austan við Litlu-kaffistofuna að vörðu (N64°03.491' W021°29.707') þar sem komið er aftur í ruddu götuna og henni fylgt tæpa tvo kílómetra en þá fer hraunið að verða sléttara. Leiðin er

mörkuð með vörðum tæpa sex kílómetra austur af brún Svínahrauns um mikinn ruðning í hraunbrúninni (N64 02.743' W021 25.102'). Þaðan er haldið um Bolavelli/Hvannavelli að Kolviðarhóli. Önnur vörðuröð er nær Brunanum og gata þar við og er hraunið mikið sléttara þar

Norðan Litlu-kaffistofunar er rafmagnsgirðing um beitarhólf. Girðingin liggur frá Fóelluvötnum norðan Suðurlandsvegur og liggur síðan með Gamla Suðurlandsveginum. Á korti herforingjaráðsins danska frá 1909 er Suðurlandsvegurinn sýndur upp öldurnar og þaðan að Kolviðarhóli eins og hann er sýnilegur í dag. Nú er ofaniburðurinn farinn að fjúka af veginum norðan við Litlu kaffistofuna og sést þar í kantsteina og púkk. Um 1,5 km. (N64°03.652' W021°28.246') frá Litlu-kaffistofunni sést upp hlaðin vegbútur sem lagður hefur verið í sveig norður fyrir hraunhól sem við síðari vegagerð hefur verið brotinn niður í vegstæðinu.

Jón Svanþórsson.

